


Yfirlit yfir efnistöku, mkv. 1:10:000

## GREINARGERÐ

Í töflu 20.7 bætist eftirfarandi inn
**E 86 Kvíá** – farvegur áraurar – möl – hringtákn ~ 1,5 ha. Stærð/umfang 3: 15.000 m³

Til stendur að tvöfalda brú yfir Kvíá ásamt 400 m vegtengingum beggja vegna brúar og eru framkvæmdirnar í samræmi við samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033. Vegna efnisþarfar er ákveðið að breyta Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 og heimila efnistöku í farvegi Kvíár.
Skoðaðir voru tveir kostir, annarsvegar efnistaka ofan brúar og hinsvegar neðan brúar. Efnistaka ofan brúar var ekki talinn vænleg þar sem áin hefur verið lengi í sama árfarvegi og að áraurar eru að miklu leiti grónir.
Sveitastjórn telur efnistöku neðan brúar hafa óveruleg áhrif á umhverfið þar sem áraurar eru lítt grónir, áin kastar sér á milli austur og vesturbakka og að mögulegt er að veita ánni í svörðinn og fá framburð til að græða efnistökusvæði.

## NÁTTÚRU- OG FORNMINJAR

Ekki eru þekktar fornminjar á fyrirhuguðu efnistökusvæði, skráning skal fara fram áður en efnistaka hefst. Af náttúruminjum má finna eldri farvegi utan núverandi farvegs Kvíár. Aðgengi að fyrirhuguðu efnistökusvæði skal vera í samráði við Náttúrustofu Suðausturlands og koma skal í veg fyrir óþarfa rask árbökkum. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru engar landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

## NÁTTÚRUVÁ

Svæðið við Kvíá er skv. aðalskipulagi skilgreint sem svæði undir náttúruvá, NV 3 – Svæði framan og vestan við Kvíárjökul, þar sem ummerki eru eftir hamfarahlaup á forsögulegum tíma. Á þessu svæði skal mannvirkjagerð önnur en sú sem nauðsynleg er vegna samgangna eða veitna óheimil.

## EFNISTAKA

Náma í Kvíá er um 15.000 m² og heimil efnistaka er allt að 15.000 m³. Svörður verður 1-1,5 m djúpur. Efnið úr námunni verður notað í fyllingar.

## FRÁGANGUR OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Farvegur Kvíár er nú í vestari hluta árinnar. Að efnistöku lokinni skal gps mæla svörð og veita ánni í austari farveg. Áður en efnistaka hefst skal leita umsagnar Fiskistofu og Orkustofnunar.




Fyrir breytingu, mkv. 1:50:000




Eftir breytingu, mkv: 1:50:000



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

### SKÝRINGAR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Hjólreiða, göngu- og reiðstígar
- Rafveita
- Fjarskipti
- Ljósleiðari
- Búsetuminjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifalista
- Jöklar (ólituð svæði) heyra undir óbyggð svæði [ÓB]
- Verslun og þjónusta [VÞ]
- Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
- Landbúnaðarsvæði [L]
- Skógræktar og landgræðslusvæði [SL]
- Óbyggð svæði [ÓB]
- Vötn, ár og sjór [V]
- Strandsvæði [ST]
- Önnur náttúruvernd [ÖN] númer vísar til skráningar
- Náttúruvá [NV]
- Mörk Vatnajökulsþjóðgarðs
- Efnistaka

### Samþykkt og Staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í Bæjarstjórn
þann 13/6 2019

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun
þann 28/6 2019

## Aðalskipulag Kvíá í Öræfum

| | Mælikvarði | Blaðstærð | Teikning nr. |
|---|---|---|---|
| V01 | 1:50.000 | A3 | 001 |
| Unnið af: Sveitarfélagið Hornafjörður | | Dags. 03.06.2019 | Teiknað af: GLG/GR |